

Umhverfisdagur Reykhólahrepps 30. apríl 2022

Laugardaginn 30. apríl næstkomandi ætlar Reykhólahreppur að standa fyrir umhverfisdegi. Allir íbúar hreppsins eru hvattir til að taka þátt og fegra sitt nánasta umhverfi.

Þeir Reykhólabúar sem ætla að taka til hendinni mæta við Reykhólaskóla kl. 11.00 þar sem verður ákveðið hvað tekið verður fyrir, svo leggja allir sitt af mörkum við að snyrta opin svæði í nágrenni Reykhóla.

Kl. 13.00 mun svo Reykhólahreppur bjóða þátttakendum upp á pylsur í Hvanngarðabrekku (Kvenfélagsgarði).

Hlökkum til að sjá sem flesta.

